

Reykjavík, 7. maí 2020
R19050178
6115
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur

Á fundi borgarráðs þann 7. maí 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. apríl 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 29. apríl á samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur er mikilvæg. Þær endurspegla meðalhóf þar sem rammi er settur utan um auglýsingar í borgarlandi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Lögð er fram samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur. Hér er um mikilvægt mál að ræða. Ljósaskilti og auglýsingaskilti almennt hafa mikil áhrif á útlit borga. Áríðandi er að móta stefnu sem fyrst af hálfu borgarinnar, þar sem LED-lýsingar munu verða ríkjandi á næstu árum og þar með verða breytingar á skiltum. Með LED-tækninni opnast nýjir möguleikar og ef ekki verða settar skýrar og almennar reglur er hætt á að oflýsing/ofkeyrsla á upplýsingum verði á skiltum og ekki er víst að hógværd og listrænn smekkur ríki. Sem betur fer er sveigjanleiki LED-lýsinga mikill og með þeirri tækni er færi á að fegra umhverfið, en ekki spilla því. Þess vegna er þetta pólitískt borgarmál, en ekki mál sérhvers söluaðila, hagsmunasamtaka eða verslunareigenda.

Helga Björk Laxdal
e.u.